

REGLUGERÐ

59

4. apríl

um breyting á reglugerð um vinnumiðlun nr. 130 17. sept. 1956.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhver maður getur snúið sér til vinnumiðlunar og óskað aðstoðar hennar við útvegum atvinnu sér til handa.

Sá, sem óskar slíkrar aðstoðar, skal afhenda vinnumiðlun umsókn sína um atvinnu á þar til gerðu eyðublaði.

Í umsókninni skulu vera upplýsingar um eftirtalin atriði:

- a. Nafn umsækjanda, fæðingardag og ár, lögheimili hans, síma, hjúskaparstétt, börn á framfæri hans, yngri en 16 ára, og aðra ómaga á hans framfæri.
- b. Stéttarfélag, sem hann er meðlimur í, aðalatvinnu hans, aukaatvinnu, atvinnuréttindi, hvern dag atvinnu hann óski og hvort hann hyggist biðja um vottorð vegna atvinnuleysisbóta.
- c. Tekjur umsækjanda af eigin eign og eigin atvinnu, bætur frá almannatryggingunum, atvinnutekjur hans síðustu 6 mánuði, vinnuveitanda og vinnutímabil síðustu 12 mánuði. Samsvarandi upplýsingar varðandi maka hans og börn, sem eru á framfæri hans yngri en 16 ára.
- d. Annað, er máli kann að skipta. Umsóknin skal staðsett og dagsett og undirrituð af umsækjanda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT

60

10. apríl

um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Ólafsvík.

1. gr.

Sölubúðum í Ólafsvík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendir varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyr en klukkan 8.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda